


C 95-04



Skýrsla nr. C95:04

Sex matarkörfur

Skýrsla til ráðuneyta utanríkis, iðnaðar og viðskipta

1995

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands

330
+380.45641
Flás

HAGFRÆÐISTOFNUN HÁSKÓLA ÍSLANDS

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands
Odda v/Sturlugötu
Sími: 525-4500/525-4553
Fax nr: 552-6806
Heimasíða: www.hag.hi.is
Tölvufang: ioes@hag.hi.is

Ásgeir Valdimarsson

Skýrsla nr. C95:04

Sex matarkörfur

Skýrsla til ráðuneyta utanríkis, iðnaðar og viðskipta

1995

Formáli

Skýrsla þessi er samin að beiðni ráðuneyta utanríkis, iðnaðar og viðskipta. Að henni vann Ásgeir Valdimarsson hagfræðingur.

Hagfræðistofnun Háskóla Íslands.

1 janúar 1995



Guðmundur Magnússon,

forstöðumaður

Sex matarkörfur

Stuðst er við erlend viðmiðunarverð, "heimsmarkaðsverð" sem gefin eru í gögnum sem fylgdu verkefninu. Þau eru í krónum/kg og talin rétt miðað við gengi í janúar 1995.

Það er afar erfitt að setja fram tölur um "heimsmarkaðsverð" því verð á matvörum er á sífelltri hreyfingu upp og niður eftir aðstæðum á matvörumörkuðum. Framboð ræðst í mörgum tilfellum af uppskerumagni og eftirspurn er háð því hvort kaupendahópurinn er stöðugur eða ekki. Til dæmis má taka markað fyrir kartöflur í Hollandi/Þýskalandi í vetur. Í janúar/febrúar hækkar oft verðið vegna þess að Rússar koma inn á hann sem kaupendur. Þar fyrir utan var uppskera haustið 1994 léleg og verðið frekar hátt um áramótin af þeim sökum áður en áhrifa Rússakaupa fer að gæta. Annað dæmi er laukur en laukuppskera var léleg síðasta haust og nú hækkar hann í verði daglega á mörkuðum í Hollandi.

Þær tölur um erlend viðmiðunarverð sem hér eru notaðar eru fengnar úr reglugerð landbúnaðaráðuneytisins nr. 574/94 um verðjöfnunargjald af innfluttum landbúnaðarvörum, tilkynningu iðnaðarráðuneytisins til ESB og EFTA, "The Price Compensation System in Iceland", verð í október 1994, og frá Framleiðsluráði landbúnaðarins, hvað kartöflur varðar. Erent viðmiðunarverð á jógúrti er hér látið taka mið af verði í Noregi.

Þessi verð virðast í nokkuð góðu samræmi við þær tölur sem Hagfræðistofnun hefur um verð á svipaðri vöru í heildsölu erlendis. Samanburður er þó erfiður vegna þess að ekki er um alveg sömu vörutegundir að ræða og þær ekki skilgreindar nógu nákvæmlega til að gera samanburð áreiðanlegan. Oftast er mun auðveldara að fá upplýsingar um smásöluverð en heildsöluverð.

Með þessum fyrirvara er það okkar álit að:

Verð á lambakjöti, nautakjöti og kjúklingum sé trúverðugt í þessum tölum.

Verð á kartöflum sé orðið hærra nú.

Verð á sveppum sé trúverðugt í þessum tölum.

Verð á tómötum og agúrkum sé í lægra lagi.

Verð á smjöri, osti og jógúrt sé trúverðugt í þessum tölum.

Aðaltafla

Verð á sex matarkörfum miðað við mismunandi tolla

Körfur nr. 1 - 6

Verð í íslenskum krónum

Magn 1 kg	1 Tollfrjáls- innflutn.	2 Lágmarks- og ríkjandi markaðsaðg	3 Verðjöfn- unar- tillaga	4 Verðjöfn.- tillaga með 20% álagi	5 Hámarks- tollur skv. GATT	6 Smásöluverð í "Hagkaup"	Tollnúmer
Lambalæri	274	905	1.142	1.371	2.246	796	0204 4209
Nautahakk	378	1.222	1.095	1.313	3.015	729	0201 3001
Kjúklingar	155	383	823	940	940	667	0207 1000
Kartöflur	29	41	128	154	156	63	0701 9000
Sveppir	421	589	554	664	1.789	597	0709 5100
Tómatar	145	203	255	306	483	229	0702 0001
Agúrkur	95	133	282	338	368	199	0707 0001
Smjör	135	474	488	586	1.195	350	0405 0000
Ostur	278	782	792	950	1.854	640	0406 3000
Jógúrt	112	318	170	204	755	190	0403 1003
Heildarverð	2.022	5.050	5.728	6.826	12.801	4.460	
Dýrara/óðýrara en í Hagkaup	-55%	13%	28%	53%	187%	0%	

Tollprósentur og magntollur í krónum á CIF verð í körfum 2, 3, 4 og 5

Karfa	2 % eða kr	3 %	4 %	5 % eða kr	
Lambalæri	369 kr	316 %	379 %	1.153 kr	Hámark í kr. notað
Nautahakk	493 kr	190 %	227 %	1.542 kr	Hámark í kr. notað
Kjúklingar	147 kr	430 %	459 kr	459 kr	Hámark í kr. notað
Kartöflur	40 %	339 %	406 %	434 %	
Sveppir	40 %	32 %	38 %	325 %	
Tómatar	40 %	76 %	92 %	234 %	
Agúrkur	40 %	198 %	237 %	289 %	
Smjör	198 kr	263 %	315 %	620 kr	Hámark í kr. notað
Ostur	181 %	185 %	222 %	567 %	
Jógúrt	184 %	52 %	62 %	574 %	

Lambakjöt, nautahakk og smjör eru tolluð með krónutölu á kg í körfum 2 og 5 því sú tala er hærrí en tollur í kr. skv. hámarksprósentu

Hámarkstollur miðast við gengi SDR = ISK 99,4.

Karfa 1

Tollfrjáls innflutningur

Magn 1 kg	Erlend viðmiðunar- verð ISK/kg	Flutnkostn Eimskip 40' gámur ISK/kg	Tryggingar 1% af fob	Enginn tollur	Heild+smá- söluálag 50%	Virðisauka- skattur 14%	Verð til neytenda kr/kg
Lambalæri	149	10	1	0	80	34	274
Nautahakk	209	10	2	0	111	46	378
Kjúklingar	80	10	1	0	45	19	155
Kartöflur	7	10	0	0	9	4	29
Sveppir	219	25	2	0	123	52	421
Tómatar	64	20	1	0	42	18	145
Agúrkur	35	20	0	0	28	12	95
Smjör	68	10	1	0	39	17	135
Ostur	151	10	2	0	81	34	278
Jógúrt	50	15	1	0	33	14	112
Heildarverð	1.032	140	10	0	591	248	2.022

Dálkur tvö sýnir erlend viðmiðunarverð sem er í flestum tilvikum áætlað "heimsmarkaðsverð". Við það bætist flutningskostnaður á kg og tryggingargjald. Þessir þrjú liðir samanlagt eru CIF verð sem enginn tollur er lagður á í þessu dæmi, en misháir tollar í útreikningi á körfum tvö til fimm. Heildsölu- og smásöluálagning er reiknuð á CIF verðið og virðisaukaskatturinn leggst á samtölu dálka nr. 2 - 7.

Samanlögð heildsölu- og smásöluálagning er áætluð 50% að meðaltali eftir viðræður við hagsmunaaðila.

Karfa 2

Lágmarks- og ríkjandi markaðsaðgangur

Magn 1 kg	Erlend viðmiðunar- verð ISK/kg	Flutnkostn Eimskip 40' gámur ISK/kg	Tryggingar 1% af fob	Tollur í krónum	Heild+smá- söluálag 50%	Virðisauka- skattur 14%	Verð til neytenda kr/kg
Lambalæri	149	10	1	369	265	111	905
Nautahakk	209	10	2	493	357	150	1.222
Kjúklingar	80	10	1	133	112	47	383
Kartöflur	7	10	0	7	12	5	41
Sveppir	219	25	2	98	172	72	589
Tómatar	64	20	1	34	59	25	203
Agúrkur	35	20	0	22	39	16	133
Smjör	68	10	1	198	139	58	474
Ostur	151	10	2	295	229	96	782
Jógúrt	50	15	1	120	93	39	318
Heildarverð	1.032	140	10	1.771	1.476	620	5.050

Tollútreikningur fyrir lágmarks-
og ríkjandi markaðsaðgang

	Hámark		
Lambalæri	1.153 kr	369 kr	32% af hámarki
Nautahakk	1.542 kr	493 kr	32% af hámarki
Kjúklingar	455 %	147 kr	32% af hámarki
Kartöflur	434 %	40 %	Ákveðið 40%
Sveppir	325 %	40 %	vægna innfl.
Tómatar	234 %	40 %	árið 1988
Agúrkur	289 %	40 %	
Smjör	620 kr	198 kr	32% af hámarki
Ostur	567 %	181 %	32% af hámarki
Jógúrt	574 %	184 %	32% af hámarki

Hér er um að ræða hámarkstoll á innflutning sem svarar til 3% af ársneyslu árið 1988, sem er viðmiðunarár. Heimila verður innflutning á þessu vörumagni samkvæmt reglum um lágmarksmarkaðsaðgang (3% af neyslu árið 1988 og 32% af hámarkstolli). Þetta á þó eingöngu við um vörur sem enginn eða óverulegur innflutningur hefur verið á.

Þessi tollútreikningur nær einnig til vara sem eru fluttar inn skv. reglum um ríkjandi markaðsaðgang, þ.e. innflutning 1988 og toll sem þá gildi.

Notaður er tollur sem nemur 32% af hámarkstolli fyrir kjöt, smjör, ost og jógúrt skv. reglum um lágmarksmarkaðsaðgang, en 40% tollur á aðrar vörur skv. reglum um ríkjandi markaðsaðgang.

Karfa 3

Verðjöfnunartillaga

Magn 1 kg	Erlend viðmiðunar- verð ISK/kg	Flutnkostn Eimskip 40' gámur ISK/kg	Trygg. 1% af erl. viðmv.	Tollur í krónum	Heild+smá- söluálag 50%	Virðisauka- skattur 14%	Verð til neytenda kr/kg
Lambalæri	149	10	1	507	334	140	1.142
Nautahakk	209	10	2	419	320	134	1.095
Kjúklingar	80	10	1	390	241	101	823
Kartöflur	7	10	0	58	37	16	128
Sveppir	219	25	2	78	162	68	554
Tómatar	64	20	1	65	75	31	255
Agúrkur	35	20	0	109	82	35	282
Smjör	68	10	1	207	143	60	488
Ostur	151	10	2	300	231	97	792
Jógúrt	50	15	1	34	50	21	170
Heildarverð	1.032	140	10	2.167	1.675	703	5.728

Verð á lambalæri, nautahakki, kjúklingum, smjöri, osti og jógúrt miðast við reglugerð landbúnaðarráðuneytisins, nr. 574/1994, að teknu tilliti til stuðla RALA hvað varðar lambalæri og nautahakk. Tollur á kartöflum miðast við innlent viðmiðunarverð 65 kr/kg. Verðjöfnunartillaga gefur hærra verð en "Hagkaup" vegna þess að hún miðast ekki við raunverulegt innkaupsverð. Þetta leiðir til meiri innflutningsverndar.

Miðað er við niðurgreitt verð á smjöri skv. reglugerð 574/94 í körfum 3 og 4 en óniðurgreitt smjörverð í körfum 2 og 5.

Karfa 4

Verðjöfnunartillaga með 20% álagi

Magn 1 kg	Erlend viðmiðunar- verð ISK/kg	Flutnkostn Eimskip 40' gámur ISK/kg	Trygg. 1% af erl. viðmv.	20%álag á tollverð (dálkar 2-4)	Tollur í krónum	Heild+smá- söluálag 50%	Vask 14%	Verð til neytenda kr/kg
Lambalæri	149	10	1	32	609	401	168	1.371
Nautahakk	209	10	2	44	503	384	161	1.313
Kjúklingar	80	10	1	18	459	275	115	940
Kartöflur	7	10	0	3	69	45	19	154
Sveppir	219	25	2	49	93	194	82	664
Tómatar	64	20	1	17	77	90	38	306
Agúrkur	35	20	0	11	131	99	42	338
Smjör	68	10	1	16	248	171	72	586
Ostur	151	10	2	33	360	278	117	950
Jógúrt	50	15	1	13	41	60	25	204
Heildarverð	1.032	140	10	236	2.591	1.996	838	6.826

Sömu forsendur og fyrir körfu 3.

Heildarverð körfu 4 nær ekki að vera 20% hærra en heildarverð körfu 3 vegna þess að tollur á kjúklingum hefur náð hámarki, þ.e. a. s. krónutöluhámark, kr. 459, er notað.

Karfa 5

Hámarkstollur skv. GATT

Magn 1 kg	Erlend viðmiðunar- verð ISK/kg	Flutnkostn Eimskip 40' gámur ISK/kg	Tryggingar 1% af fob	Tollur í krónum	Heild+smá- söluálag 50%	Virðisauka- skattur 14%	Verð til neytenda kr/kg
Lambalæri	149	10	1	1.153	657	276	2.246
Nautahakk	209	10	2	1.542	882	370	3.015
Kjúklingar	80	10	1	459	275	115	940
Kartöflur	7	10	0	74	46	19	156
Sveppir	219	25	2	800	523	220	1.789
Tómatar	64	20	1	198	141	59	483
Agúrkur	35	20	0	160	108	45	368
Smjör	68	10	1	620	349	147	1.195
Ostur	151	10	2	921	542	228	1.854
Jógúrt	50	15	1	376	221	93	755
Heildarverð	1.032	140	10	6.304	3.743	1.572	12.801

Tollútreikningur fyrir tillögu
með hámarkstolli

	Hámark	Hámark í kr.	
Lambalæri	387 %	1.153 kr	Hámark í kr. notað
Nautahakk	349 %	1.542 kr	Hámark í kr. notað
Kjúklingar	455 %	459 kr	Hámark í kr. notað
Kartöflur	434 %	58 kr	
Sveppir	325 %	621 kr	
Tómatar	234 %	219 kr	
Agúrkur	289 %	213 kr	
Smjör	657 %	620 kr	Hámark í kr. notað
Ostur	567 %	329 kr	
Jógúrt	574 %	62 kr	

Tollhámark í prósentum eða krónutölu er fundið í töflum fyrir Ísland skv. GATT skrárm.
Það sem gefur hærri toll í krónum er notað.